

Mál nr. 5/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/kaskótryggingar bifhjóls

Skemmdir á bifhjóli sem ekið var á ósléttri akbraut 04.08. 2008.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 08.01. 2009, ásamt fylgiskjöllum.
- 2) Bréf vátryggingafélags til nefndarinnar, dags. 09.01. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Bifhjólinu var ekið um Mjóafjörð. Vegaframkvæmdir voru í gangi og því ekið um grófan akstursveg. Farþegi var á bifhjólinu.

Ökumaður bifhjólsins kvaðst hafa ekið á grjót sem stóð upp úr veginum. Hann kveðst hafa drepist strax á hjólinu en það hafi fallið á hægri hliðina og lent á hlífðargrind. Olía mun hafa lekið og mótorinn reynst vera ónýtur.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það vísar til ákvæðis skilmála (grein 7.4) þar sem fram kemur að félagið greiðir ekki “skemmdir af akstri á ósléttri akbraut...., skemmdir á undirvagni er hljótaskast af því að ökutækið tekur niðri á ójöfnum svo sem hyggjum eftir veghefla eða jarðföstu grjóti...”

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er greiðsluskylda ekki fyrir hendi. Hér er um undanskilda áhættu að ræða sbr. grein 7.4 í skilmálum vátryggingafélagsins, sem getið hefur verið. Telja verður að rekja megi skemmdir á bifhjólinu til aksturs á ósléttri akbraut skv. nefndum skilmálum.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 17. febrúar 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.